



Umhverfis- og skipulagssvið - Aðalskipulag og loftslagsmál

Reykjavík, 25. september 2025

USK23090007

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 25.9.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Sundabraut - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. september 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. september 2025 á að forkynna drög að aðalskipulagsbreytingu ásamt drögum að umhverfismati Sundabrautar, ásamt fylgiskjöldum. Einnig er lögð fram trúnaðarmerkt umhverfisskýrsla Eflu, dags. 6. september 2025.

Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Haraldi Sigurðssyni sem tekur sæti með rafrænum hætti. Borgarfulltrúarnir Alexandra Briem, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Friðjón R. Friðjónsson, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Sabine Leskopf og Stefán Pálsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna ásamt áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Drög að aðalskipulagsbreytingu og umhverfismati fyrir Sundabraut liggja fyrir og eru nú samþykkt til forkynningar. Í kjölfarið verða haldnir fundir í þeim hverfum borgarinnar sem verkefnið snertir mest. Ekki er búið að ákveða endanlegan valkost fyrir verkefnið. Verkefnið byggir á viljayfirlýsingu ríkis og borgar frá 2021. Þar kemur fram að samhliða undirbúningi verði skoðaðar líklegar breytingar á dreifingu umferðar og hvernig bregðast megi við mögulegum neikvæðum áhrifum á íbúðahverfi á áhrifasvæði Sundabrautar og mikilvægt er að það sé hluti af verkefninu að vinna mótvægisáðgerðir. Mikilvægt er að tryggja þann valkost sem fer sem mýkstum höndum um hverfi og íbúa borgarinnar. Lagt er upp með að huga að aðgengi gangandi og hjólandi. Aðgengi almenningssamgangna um Sundabraut er algjört lykilatriði. Verði niðurstaðan sú að Sundabréu verði fyrir valinu eru aðilar sammála um að efna til alþjóðlegrar hönnunarsamkeppni um mannvirkið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins þakka fyrir góða kynningu á drögum að breytingu á aðalskipulagi vegna Sundabrautar. Þar kemur skýrt fram hversu brýnt er að ráðast í framkvæmdina. Rannsóknir sýna að Sundabraut muni skila verulegum samfélagslegum ábata og er ein hagkvæmasta samgöngubótin sem hægt er að ráðast í á landinu. Framkvæmdin mun bæta umferðarflæði, draga úr á lagi í



Ártúnsbrekku og á Vesturlandsvegi og þar með minnka tafir, sem aftur dregur úr útblæstri og mengun.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Framsóknar fagnar þessum áfanga í gerð Sundabrautar. Allt kjörtímabilið hefur verið unnið hörðum höndum að því að undirbúa umhverfismat og breytingu á aðalskipulagi, greina valkostí vegna leiðarvals og tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa. Í því skyni hefur starfað samráðshópur með fulltrúum íbúa þar sem hvert skref í vinnunni hefur fengið ítarlega kynningu. Framsókn leggur mikla áherslu á að góður gangur verði áfram í verkefninu enda um afar brýna framkvæmd að ræða sem mun skila miklum samfélagslegum ábata og bæta umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Ártúnsbrekku og á Vesturlandsvegi.

Áheyrnarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Viðreisnar þakkar fyrir góða kynningu á drögum að breytingu á aðalskipulagi vegna Sundabrautar. Félags- og hagfræðigreining sýnir að Sundabraut muni skila verulegum þjóðfélagslegum ábata og er ein hagkvæmasta samgöngubótin sem hægt er að ráðast í á landinu. Framkvæmdin mun bæta umferðarflæði, draga úr á lagi í Ártúnsbrekku og á Vesturlandsvegi og þar með minnka tafir, sem aftur dregur úr útblæstri og mengun. Afar brýnt er því að ráðast í framkvæmdina sem fyrst og að núverandi tímaáætlanir standist. Málið hefur verið til umfjöllunar í áratugi en í dag er undirbúningur kominn lengra en nokkru sinni áður.

Ívar Vincent Smárason
e.u.